

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: BN	Fundur nr. :	5
Fundarritari: MI	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Brynjar Níelsson (BN) Dagbjört Hannesdóttir (DH) Gunnar Björn Helgason (GBH) Gunnlaugur Karlsson (GK) Matthías Imsland (MI)	Dagsetning:	21.9.2022
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur: Ákveðið síðar	

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Var samþykkt rafrænt milli funda
2	<u>Bridgeskólinn</u> Bridgesambandið mun taka yfir Bridgeskólann frá og með áramótum. GPA mun áfram starfa sem verktaki með skólanum og skrifa kennslugögn. Gunnar Björn Helgason og Magnús E. Magnússon munu sjá um að leiða verkefnið.
3	<u>Bridge í menntaskóla</u> Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er tilbúinn með námskrá, annarsvegar 3e og hinsvegar 5e. Bridgesambandið mun annanst framkvæmd og kennslu miðlægt og rafrænt og standa vonir til að fleiri skólar taki þátt.
4	<u>Kjördæmamót 2023</u> Viðræður hafa verið við Færeyjar um kjördæmamótið 2023. Mikill vilji er hjá frændum okkar að halda mótið. Hafa samböndin skoðað saman mögulegan spilastað, afslátt af gistingu og möguleika á að fá fyrirtæki til að greiða niður viðburði. Samþykkt að kjördæmamótið 2023 verði haldið í Færeyjum.
5	<u>Landsliðsmál</u> Rætt um stöðu landsliðsmála. Æfingar eru að hefjast bæði í opna flokk og kvenna flokk og starfið gengur vel.
6	<u>Framkvæmdir</u> Verið er að laga stigagang, steypuviðgerðir og svo málað. Í framhaldi verður dúkurinn pússaður upp. Kostnaðurinn mun skiptast á milli Bridgesambands og Sigfúsarsjóðs sem á 2.hæð.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
7	<p><u>Starfið framundan</u></p> <p>Starfið er almennt að fara vel af stað í félögum þó auðvitað það sé misjafnt. Sérstaklega ánægjulegt var að sjá góða mætingu í BK, miðvikudagsklúbbum og BR. En fleiri klúbbar eru að fara af stað með starfið á næstu dögum.</p> <p>Næstu Íslandsmót eru 1 og 2.okt þegar Íslandsmót eldri spilara verða spiluð.</p>
8	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>Ekkert kom fram undir þessum lið</p>